

**13. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn****29. október 2020 kl. 16.00**

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Helena Eiríksdóttir, fulltrúi starfsfólks, Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri. Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sat fundinn vegna dagskrárlíða nr. 1 og 2. Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi foreldraráðs, sat ekki fundinn.

**FUNDARSTAÐUR:** HUPPUSALUR.

**DAGSKRÁ:**

- 1. Gjaldskrá mótureytis og skólavistunar**
- 2. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs**
- 3. Starfsáætlun Flúðaskóla**
- 4. Nýjar reglur varðandi skólabifreiðar og undanþágubeiðni v/þeirra.**

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemduum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrá.

**1. Gjaldskrá mótureytis og skólavistunar**

Jón, sveitarstjóri fór yfir helstu liði áætlunarinnar þar sem er reiknað með um 2,5% - 2,7% hækjun sem er nokkuð undir verðbólgu ársins, sl. 12 mánuði (3,6%).

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

**Flúðaskóli:** Matur hækki úr 380 kr. í 390 kr. og hressing úr 81 kr. í 83 kr.

**Leískólinn Undraland:** Morgunhressing úr 77 kr. í 79 kr., matur úr 360 kr. í 370 kr. og síðdegishressing úr 118 kr. í 121 kr.

**Skólavistun:** Stakur tími hækki úr 344 kr. í 353 kr. og hressing úr 123 kr. í 126 kr.

**Heimaland og aðrir:** Matur hækki úr 718 kr. í 738 kr. og heimsending úr 195 kr. í 200 kr.

**Starfsfólk:** Matur hækki úr 380 kr. í 390 kr.

Gjaldskráin rædd. Skólanefnd samþykkir ofangreinda gjaldskrá fyrir árið 2021.

**2. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs**

Jón, sveitarstjóri fór yfir helstu liði áætlunarinnar sem nær m.a. yfir grunnskólann, mótureytíð og skólaselið. Einnig er um að ræða útgjöld vegna stoðþjónustu við skólann, þ.e. þjónusta talmeinafræðings, skólastarfstofunnar og náms- og starfsráðgjafa og ART-verkefnið. Undir þessum lið var einnig farið fyrir fjárhagsáætlun skólans í eignasjóði sveitarfélagsins. Ljóst er að áhrif Covid-19 faraldursins setur mark sitt á rekstur sveitarfélagsins þar sem tekjur þess dragast verulega saman frá því sem áætlað var sem og áhrif kjarasamninga.

Hrunamannahreppur

Rætt var um einstaka liði áætlunarinnar. Helsta breytingin frá fyrra ári er sú að launaliðir hækka um tæpar 8 milljónir samtals, en að öðru leyti er gert ráð fyrir svipuðum rekstri í málaflokknum og svipuðum nemendafjölda.

Skólanefnd samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2021 fyrir Flúðaskóla.

### **3. Starfsáætlun Flúðaskóla**

Skólastjóri fór yfir helstu þætti í starfsáætlun skólans fyrir veturninn 2020-2021. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir starfsáætlun Flúðaskóla fyrir skólaárið 2020-2021 sem verður aðgengileg á heimasíðu skólans, fludaskoli.is, innan skamms.

### **4. Nýjar reglur varðandi skólabifreiðar og undanþágubeiðni v/þeirra.**

Skólastjóri fór yfir nýju reglurnar þar sem einkum er um að ræða merkingar á bifreiðunum.

Í reglugerð um breytingu á reglugerð um merki á skólabifreiðum, nr. 279 29. maí 1989 er að finna undanþáguákvæði þar sem löggreglustjóri getur veitt undanþágu frá notkun merkis fyrir skólabifreið, ef akstursleiðir bifreiðar eru þannig að farþegum er einungis hleypt inn eða út utan alfaravegar og skólanefnd mælir með.

Skólastjóri skýrði frá því að skólabílstjórnar hafað óskað eftir að undanþáguákvæðið verði nýtt þar sem þeir hleypti farþegum inn og út úr bifreiðunum utan alfaravega.

Skólanefnd mælir með því að sótt verði um undanþáguna, sbr. ofangreint.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 17.20. Næsti fundur ákveðinn síðar.